



**SAMANDREGINN ÁRSHLUTAREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR**  
**1. MARS TIL 31. MAÍ 2022**

# EFNISYFIRLIT

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Eiginfjáryfirlit .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Hagar hf. („félagið“) er verslunarfyrtæki með starfsemi á Íslandi en félagið er leiðandi á íslenskum dagvöru- og eldsneytismarkaði. Í lok tímabilsins starfrækti félagið 38 matvöruverslanir, 25 Olís þjónustustöðvar, 42 ÓB-stöðvar, eina sérvöruverslun, eina birgðaverslun, tvö vöruhús og tvær framleiðslustöðvar. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

## Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 926 millj. kr. (2021/22: 727). Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 2.668 millj. kr. (2021/22: 2.278). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 67.584 millj. kr. (Árslok 2021/22: 65.192). Eigið fé í lok tímabilsins nam 27.152 millj. kr. (Árslok 2021/22: 26.726) og var eiginfjárlutfall 40,2% (Árslok 2021/22: 41,0%).

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2022/23 gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 10.200-10.700 millj. kr. Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk og er fjármögnun tryggð til langs tíma. Þá er aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína, að fjárhæð 4,5 ma. kr. og USD 12,5 millj. einnig tryggður.

## Áhrif COVID-19 faraldursins og stríðsátaka í Úkraínu á afkomu og stöðu samstæðunnar

Áhrif vegna COVID-19 heimsfaraldursins á rekstur samstæðunnar hafa breyst og minnkað á fyrsta ársfjórðungi 2022/23 í samanburði við síðustu tvö rekstrarár. Starfsemin er farin að nálgast eðlilegra árferði og litast ekki lengur af sóttvarnaraðgerðum. Ferðalög landsmanna utan hafa aukist og erlendum ferðamönnum á Íslandi fjölgað, sem hefur áhrif á eftirspurn á mörkuðum fyrir dagvöru og eldsneyti. Ýmissa hnökra gætir þó enn í framleiðslu matvöru og í aðfangakeðjunni, bæði vegna eftirstöðva heimsfaraldursins og stríðsátaka í Úkraínu sem hófust í febrúar 2022, sem hefur leitt til hækkunar á verði aðfanga og mögulegs vöruskorts í einstaka vöruflokkum. Hagar munu, eftir sem áður, fylgjast vel með stöðunni og leita allra leiða til að tryggja viðskiptavinum sínum vörur og þjónustu á sem hagkvæmstu verði.

## Kaup á nýju hlutafé í Klasa ehf.

Þann 3. desember 2021 undirrituðu Hagar samning um áskrift að hlutafé í fasteignaþróunarfélaginu Klasa ehf. en líkt og tilkynnt var þann 24. september 2021 undirrituðu Hagar hf., Reginn hf., Klasi ehf. og KLS eignarhaldsfélag ehf. viljayfirlýsingu um frekari uppbyggingu og rekstur fasteignaþróunarfélagsins Klasa ehf. Þann 10. júní 2022 undirrituðu Hagar sátt við Samkeppniseftirlitið vegna kaupanna, með þremur skilyrðum sem Hagar skuldbinda sig til að hlíta. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 16.

## Hlutafé og hluthafar

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.154 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda. Félagið á í lok tímabilsins eigin hluti að nafnverði 21,6 millj. kr.

Hluthafar voru 986 í byrjun tímabilsins og 1.025 í lok þess.

Þann 1. júní 2022 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 2,0 krónum á hlut eða um 2.266 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 15. júní 2022. Aðalfundur samþykkti einnig að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 21,6 millj. kr. og verður skráð hlutafé eftir lækkun því 1.133 millj. kr.

## SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA, FRH.:

---

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árslutareikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. maí 2022 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árslutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árslutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Árslutareikningurinn er undirritaður með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Reykjavík, 30. júní 2022

Stjórn:

---

Davíð Harðarson, formaður

---

Eva Bryndís Helgadóttir, varaformaður

---

Eiríkur S. Jóhannsson, meðstjórnandi

---

Jensína Kristín Böðvarsdóttir, meðstjórnandi

---

Sigríður Olgeirsdóttir, meðstjórnandi

Forstjóri:

---

Finnur Oddsson

# REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU

## 1. MARS 2022 TIL 31. MAÍ 2022

		2022	2021
	Skýr.	1.3.-31.5.	1.3.-31.5.
Vörusala .....		38.213	32.034
Kostnaðarverð seldra vara .....		( 30.649)	( 25.185)
<b>Framlegð</b> .....		7.564	6.849
Aðrar rekstrartekjur .....		202	104
Hagnaður af sölu dótturfélags .....		0	80
Laun og launatengd gjöld .....		( 3.443)	( 3.250)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 1.655)	( 1.505)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir</b> .....		2.668	2.278
Afskriftir .....	7	( 1.021)	( 1.005)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		1.647	1.273
Fjármunatekjur .....		8	7
Fjármagnsgjöld .....		( 552)	( 397)
<b>Hrein fjármagnsgjöld</b> .....	8	( 544)	( 390)
Áhrif hlutdeildarféлага .....		44	31
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		1.147	914
Tekjuskattur .....		( 221)	( 187)
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b> .....		926	727
<b>Skipting hagnaðar</b>			
Hluthafar móðurfélags .....		926	717
Hlutdeild minnihluta .....		0	10
		926	727
<b>Hagnaður á hlut</b>			
Grunnhagnaður á hlut .....		0,82	0,63
Þynntur hagnaður á hlut .....		0,81	0,63

Starfspáttayfirlit, skýring ..... 18

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. MAÍ 2022

	Skýr.	31.5.2022	28.2.2022
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		21.180	21.215
Fjárfestingarfasteignir .....		3.468	3.474
Óefnislegar eignir .....		10.776	10.723
Leigugeignir .....	13	8.572	8.151
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		1.486	1.443
Eignarhlutir í öðrum félögum .....		40	40
Skuldabréfaeign .....		17	18
Fastafjármunir samtals		45.539	45.064
Vörubirgðir .....	9	12.235	10.707
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	10	5.258	4.871
Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur .....	10	951	1.379
Handbært fé .....		1.213	783
Veltufjármunir samtals		19.657	17.740
Eignir til sölu .....		2.388	2.388
<b>Eignir samtals</b>		<b>67.584</b>	<b>65.192</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		1.133	1.139
Yfirverðsreikningur hlutfjár .....		653	1.147
Lögbundinn varasjóður .....		285	285
Bundnir eiginfjárreikningar .....		6.466	5.286
Óráðstafað eigið fé .....		18.615	18.869
Eigið fé samtals		27.152	26.726
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi langtímaskuldir .....	12	11.789	11.720
Leiguskuldir .....	13	7.250	6.918
Tekjuskattsskuldbinding .....		2.657	2.312
Langtímaskuldir samtals		21.696	20.950
Vaxtaberandi skammtímaskuldir .....	11	449	451
Tekjuskattur til greiðslu .....		843	770
Leiguskuldir .....	13	2.067	1.966
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	12	15.377	14.329
Skammtímaskuldir samtals		18.736	17.516
Skuldir samtals		40.432	38.466
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>67.584</b>	<b>65.192</b>
Aðrar upplýsingar, skýringar .....	14-17		

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# EIGINFJÁRYFIRLIT

## 1. MARS 2022 TIL 31. MAÍ 2022

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutfjár	Lög- bundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Bundinn eiginfjár- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
<b>Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. maí 2022</b>									
Eigið fé 1. mars 2022 .....	1.139	1.147	285	5.274	12	18.869	26.726	0	26.726
Endurkaup á eigin bréfum .....	( 6 )	( 494 )					( 500 )		( 500 )
Heildarhagnaður tímabilsins .....						926	926		926
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning .....				1.180		( 1.180 )	0		0
Eigið fé 31. maí 2022 .....	1.133	653	285	6.454	12	18.615	27.152	0	27.152
<b>Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. maí 2021</b>									
Eigið fé 1. mars 2021 .....	1.154	2.132	289	4.433	0	17.181	25.189	( 2 )	25.187
Heildarhagnaður tímabilsins .....						717	717	10	727
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning .....				824		( 824 )	0		0
Hlutdeild minnihluta við sölu á dótturfélagi .....							0	( 8 )	( 8 )
Eigið fé 31. maí 2021 .....	1.154	2.132	289	5.257	0	17.074	25.906	0	25.906

Þann 1. júní 2022 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 2,0 krónum á hlut eða um 2.266 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 15. júní 2022. Aðalfundur samþykkti einnig að lækka hlutfé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 21,6 millj. kr. og verður skráð hlutfé eftir lækkun því 1.133 millj. kr.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# SJÓÐSTREYMISYFIRLIT

## 1. MARS 2022 TIL 31. MAÍ 2022

	Skýr.	2022 1.3.-31.5.	2021 1.3.-31.5.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður tímabilsins .....		926	727
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður rekstrarfjármuna .....	(	68)	( 136)
Afskriftir .....	7	1.021	1.005
Hrein fjármagnsgjöld .....	8	544	390
Áhrif hlutdeildarféлага .....	(	44)	( 31)
Tekjuskattur .....		221	187
Veltufé frá rekstri		2.600	2.142
Breytingar á rekstrartengdum eignum .....	(	1.600)	( 652)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum .....		1.459	1.470
Handbært fé fyrir vexti og tekjuskatt		2.459	2.960
Innheimtar vaxtatekjur .....		5	7
Greidd vaxtagjöld .....	(	346)	( 277)
Greiddur tekjuskattur .....	(	148)	( 183)
Handbært fé frá rekstri		1.970	2.507
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í fasteignum .....	(	25)	( 49)
Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum .....		0	( 33)
Fjárfesting í áhöldum og innréttingum .....	(	479)	( 489)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	(	112)	( 15)
Söluverð fasteigna .....		70	0
Söluverð áhalda og innréttinga .....		40	24
Skuldabréfaeign, breyting .....		2	( 17)
Seldur eignarhlutur í dótturfélagi .....		0	141
Fjárfestingarhreyfingar	(	504)	( 438)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímalána .....	(	125)	( 114)
Breyting á lánalínu .....		0	( 601)
Keypt eigin bréf .....	(	500)	0
Leiguskuld afborganir .....	13	( 411)	( 411)
Fjármögnunarhreyfingar	(	1.036)	( 1.126)
<b>Hækkun á handbæru fé</b> .....		430	943
<b>Handbært fé í upphafi tímabils</b> .....		783	388
<b>Handbært fé í lok tímabils</b> .....		1.213	1.331

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# SKÝRINGAR

## 1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Holtavegi 10, Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2022 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og tengdra vöruhúsa, ásamt sölu á eldsneyti. Í skýringu 14 er greint frá félögum í samstæðunni.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2022.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 30. júní 2022.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2022. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, [www.hagar.is](http://www.hagar.is).

Árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttir samstæðunnar eru tveir, verslanir og vöruhús annars vegar og Olís hins vegar. Starfsemi verslana og vöruhúsa, þ.e. rekstur þeirra félaga sem mynduðu samstæðuna fyrir samruna Haga og Olís, er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur hafa hingað til metið smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfspáttayfirlits samstæðunnar. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist.

Starfspáttayfirlitið má finna í skýringu 18.

## 6. Viðskiptavild

Engar vísbandingar voru um virðisrýrnun viðskiptavildar þann 31. maí 2022 og vegna þess var virðisrýrnunarpróf ekki framkvæmt.

## SKÝRINGAR, FRH.:

7. Afskriftir	2022	2021
Afskriftir greinast þannig:	1.3-31.5.	1.3-31.5.
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	501	510
Afskriftir fjárfestingarfasteigna .....	20	24
Afskriftir leigueigna .....	425	414
Afskriftir óefnislegra eigna .....	41	24
Hlutdeild í afskriftum Olíudreifingar ehf. ....	34	33
Afskriftir samtals .....	<u>1.021</u>	<u>1.005</u>
8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum .....	8	7
Fjármunatekjur samtals .....	<u>8</u>	<u>7</u>
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 391)	( 257)
Vaxtagjöld leiguskuldar .....	( 123)	( 122)
Gengistap .....	( 38)	( 18)
Fjármagnsgjöld samtals .....	<u>( 552)</u>	<u>( 397)</u>
Hrein fjármagnsgjöld .....	<u>( 544)</u>	<u>( 390)</u>
9. Vörubirgðir		
Vörubirgðir greinast þannig:	31.5.2022	28.2.2022
Matvara .....	5.003	5.115
Sérvara .....	2.171	1.885
Eldsneyti .....	4.546	3.316
Vörur í flutningi .....	515	391
Vörubirgðir samtals .....	<u>12.235</u>	<u>10.707</u>
Niðurfærsla birgða í lok tímabils .....	294	258
10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur .....	5.247	4.877
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 303)	( 273)
Aðrar skammtímakröfur .....	314	267
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	<u>5.258</u>	<u>4.871</u>
Greiðslukortakröfur .....	951	1.379
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals .....	<u>6.209</u>	<u>6.250</u>

## SKÝRINGAR, FRH.:

### 11. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	Vegið meðaltal vaxta		Eftirstöðvar	Eftirstöðvar
	31.5.2022	28.2.2022	31.5.2022	28.2.2022
Skuldir í ISK, óverðtryggðar .....	4,45%	3,80%	6.499	6.569
Skuldir í ISK, verðtryggðar .....	2,80%	2,80%	5.739	5.602
Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun .			12.238	12.171
Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda .....			( 449 )	( 451 )
Langtímaskuldir samtals .....			11.789	11.720

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs .....	449	451
Afborganir eftir 1 til 2 ár .....	455	457
Afborganir eftir 2 til 3 ár .....	2.948	2.949
Afborganir eftir 3 til 4 ár .....	453	452
Afborganir eftir 4 til 5 ár .....	460	458
Afborganir síðar .....	7.473	7.404
Samtals .....	12.238	12.171

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

### 12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	31.5.2022	28.2.2022
Viðskiptaskuldir .....	12.871	11.227
Aðrar skammtímaskuldir .....	2.506	3.102
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals .....	15.377	14.329

### 13. IFRS 16 Leigusamningar

Leigugeignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigugeignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar. Við útreikning fjárhæða leigugeigna og leiguskulda var lagt mat á leigutíma og vexti á nýju lánsfé enda var ekki unnt að ákvarða innbyggða vexti í leigusamningum með áreiðanlegum hætti. Vegnir meðalvextir voru ákvarðaðir 5,45%. Við mat á leigutíma er horft til samningstíma, að teknu tilliti til áforma stjórnenda.

Leigugeignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

	31.5.2022	28.2.2022
Leigugeignir í upphafi tímabils .....	8.151	8.255
Nýir samningar á tímabilinu .....	573	1.442
Verðbætur á tímabilinu .....	273	463
Afskriftir á tímabilinu .....	( 425 )	( 1.587 )
Aðrar breytingar samninga á tímabilinu .....	0	( 422 )
Leigugeignir í lok tímabils .....	8.572	8.151

## SKÝRINGAR, FRH.:

### 13. IFRS 16 Leigusamningar, frh.:

Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:	31.5.2022	28.2.2022
Leiguskuldir í upphafi tímabils .....	8.884	9.029
Nýir samningar á tímabilinu .....	573	1.442
Afborgunarþáttur leigugreiðslna .....	( 411)	( 1.627)
Verðbætur á tímabilinu .....	273	462
Aðrar breytingar samninga á tímabilinu .....	( 2)	( 422)
Leiguskuldir í lok tímabils .....	<u>9.317</u>	<u>8.884</u>

Afborganir leiguskulda greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs .....	2.067	1.966
Afborganir síðar .....	7.250	6.918
Samtals .....	<u>9.317</u>	<u>8.884</u>

Heildarleigugreiðslur sem tengjast þeim leigusamningum sem færðir eru samkvæmt leigustaðli IFRS 16 námu 535 millj. kr. (2021/22: 533 millj. kr.).

### 14. Félög í samstæðu

Dótturfélög í samstæðu Haga hf. voru sex í lok tímabilsins. Dótturfélögin eru eftirfarandi:

	Staðsetning	Eignarhlutur	
		31.5.2022	28.2.2022
Hagar verslanir ehf. ....	Ísland	100%	100%
Olís ehf. ....	Ísland	100%	100%
Banar ehf. ....	Ísland	100%	100%
Noron ehf. ....	Ísland	100%	100%
Stórkaup ehf. ....	Ísland	100%	100%
Mjöll Frigg ehf. ....	Ísland	100%	100%

Mjöll Frigg ehf. er dótturfélag Olís.

### 15. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélag þess, lykilstjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og eru ekki hluti af þessari skýringu.

<b>Viðskipti við tengda aðila</b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>
Viðskipti við tengda aðila greinast þannig:	<b>1.3.-31.5.</b>	<b>1.3.-31.5.</b>
Seldar vörur og þjónusta .....	64	29
Keyptar vörur og þjónusta .....	( 486)	( 346)
Viðskiptakröfur í lok tímabils .....	1	1
Viðskiptaskuldir í lok tímabils .....	( 108)	( 152)

## SKÝRINGAR, FRH.:

### 16. Kaup á nýju hlutafé í Klasa ehf.

Þann 3. desember 2021 undirrituðu Hagar samning um áskrift að hlutafé í fasteignaþróunarfélaginu Klasa ehf. en líkt og tilkynnt var þann 24. september 2021 undirrituðu Hagar hf., Reginn hf., Klasi ehf. og KLS eignarhaldsfélag ehf. viljayfirlýsingu um frekari uppbyggingu og rekstur fasteignaþróunarfélagsins Klasa ehf. Þann 10. júní 2022 undirrituðu Hagar sátt við Samkeppniseftirlitið vegna kaupanna, með þremur skilyrðum sem Hagar skuldbinda sig til að hlíta.

Samruninn kemur til framkvæmda á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að fjárhagsleg áhrif viðskiptanna komi fram á 2. ársfjórðungi 2022/23, en áætluð áhrif af innleystum söluhagnaði eigna, að frádregnum áætluðum sölukostnaði, á EBITDA afkomu eru um 940 millj. kr. og áætluð jákvæð áhrif á hagnað félagsins eftir skatta eru um 750 millj. kr.

### 17. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

	2022	2021
	1.3-31.5.	1.3-31.5.
<b>Rekstur</b>		
Rekstrarhagnaðarlutfall (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir / vörusölu) .....	7,0%	7,1%
Launahlutfall (laun og launatengd gjöld / vörusölu) .....	9,0%	10,1%
Kostnaðarlutfall (annar rekstrarkostnaður / vörusölu) .....	4,3%	4,7%
Veltuhraði birgða (kostnaðarverð seldra vara / meðalbirgðastaða) .....	10,6	11,2
Innheimtutími viðskiptakrafna í dögum .....	11,5	10,8
<b>Efnahagur</b>	<b>31.5.2022</b>	<b>28.2.2022</b>
Veltufjárhlutfall (veltufjármunir / skammtímaskuldir) .....	1,18	1,15
Lausafjárhlutfall ((veltufjármunir-birgðir) / skammtímaskuldir) .....	0,52	0,54
Skuldsetning (nettó vaxtaberandi skuldir / rekstrarhagnaður fyrir afskriftir) ..	1,86	1,90
Eiginfjárhlutfall (eigið fé / heildareignir) .....	40,2%	41,0%
Innra virði hlutafjár (eigið fé / hlutafé) .....	23,96	23,46

## SKÝRINGAR, FRH.:

### 18. Starfspáttayfirlit

Fyrsti ársfjórðungur 2022/23	Verslanir og vöruhús	Olís ehf.	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala .....	24.668	13.794	( 249)	38.213
Aðrar rekstrartekjur .....	120	82	0	202
<b>Heildartekjur starfspáttá</b> .....	<b>24.788</b>	<b>13.876</b>	<b>( 249)</b>	<b>38.415</b>
Heildarrekrargjöld starfspáttá .....	( 22.920)	( 13.076)	249	( 35.747)
<b>EBITDA starfspáttá</b> .....	<b>1.868</b>	<b>800</b>	<b>0</b>	<b>2.668</b>
Afskriftir starfspáttá .....	( 825)	( 196)	0	( 1.021)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	17	27	0	44
<b>Rekstrarafkoma starfspáttá</b> .....	<b>1.060</b>	<b>631</b>	<b>0</b>	<b>1.691</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 432)	( 112)	0	( 544)
Tekjuskattur .....				( 221)
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....				<b>926</b>
<b>31. maí 2022</b>				
Eignir starfspáttá .....	47.193	20.391	0	67.584
<b>Eignir samtals</b> .....				<b>67.584</b>
Skuldir starfspáttá .....	29.771	10.661	0	40.432
<b>Skuldir samtals</b> .....				<b>40.432</b>
Fjárfestingar starfspáttá (nettó) .....	502	4	0	506
<b>Fyrsti ársfjórðungur 2021/22</b>				
Vörusala .....	23.338	8.750	( 54)	32.034
Aðrar rekstrartekjur .....	174	12	( 2)	184
<b>Heildartekjur starfspáttá</b> .....	<b>23.512</b>	<b>8.762</b>	<b>( 56)</b>	<b>32.218</b>
Heildarrekrargjöld starfspáttá .....	( 21.529)	( 8.467)	56	( 29.940)
<b>EBITDA starfspáttá</b> .....	<b>1.983</b>	<b>295</b>	<b>0</b>	<b>2.278</b>
Afskriftir starfspáttá .....	( 791)	( 214)	0	( 1.005)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	0	31	0	31
<b>Rekstrarafkoma starfspáttá</b> .....	<b>1.192</b>	<b>112</b>	<b>0</b>	<b>1.304</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 333)	( 57)	0	( 390)
Tekjuskattur .....				( 187)
<b>Tap tímabilsins</b> .....				<b>727</b>
<b>31. maí 2021</b>				
Eignir starfspáttá .....	45.011	17.856	0	62.867
<b>Eignir samtals</b> .....				<b>62.867</b>
Skuldir starfspáttá .....	27.857	9.104	0	36.961
<b>Skuldir samtals</b> .....				<b>36.961</b>
Fjárfestingar starfspáttá (nettó) .....	437	125	0	562